

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1534  
komudagur 7.4.2009 7. apríl 2009

Sæl(l),

undirritaður er lögmaður Félags sumarhúsaeigenda við Efristíg og Neðristíg í Kárastaðalandi. Það upplýsist hér með að félagið vill gera athugasemdir við umrætt frumvarp þar sem Þjóðgarðurinn er undanþeginn lögum um frístundarbyggð. Ég beið þess að sendar yrðu út umsagnarbeiðnir þar sem ég gerði ráð fyrir að félögum sumarhúsaeigenda yrði veitt tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið. Nú sé ég hins vegar að búið er að taka málið skyndilega fyrir og semja nefndarálit án nokkurra umsagna. Við það eru gerðar verulegar athugasemdir.

Það skal upplýst einnig upplýst að undirritaður átti að sitja í nefnd sem fjalla átti almennt um þessi málefni (sbr. meðfylgjandi bréf) en sú nefnd hefur ekki verið formlega skipuð enn. Þessi nefnd var boðuð í kjölfar bréfaskrifta vegna tillagna um breytingu á byggingaskilmálum sl. sumar þar sem lögð voru til ýmiss bönns og haftir á sumarhúsaeigendur. Þessum tillögum var mótmælt m.a. með vísun í réttarstöðu sumarhúsaeigenda samkvæmt lögum. Nú á að rýra rétt sumarhúsaeigenda áður en þessi nefnd fjallar um málið og án þess að kalla eftir sjónarmiðum sumarhúsaeigenda. Því hljóta sumarhúsaeigendur að mótmæla harðlega.

Óskað er eftir því að fulltrúi ofangreinds félags fái að koma fyrir nefndina og lýsa sjónarmiðum sínum auk þess sem að félagið fái formlega tækifæri til þess að senda inn skriflega umsögn þar sem farið er yfir málið.

kveðja,

**Páll Jóhannesson, hdl.**  
Attorney at Law

**Tax & Legal sf.**

Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Iceland